

7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi og öðlast gildi 1. janúar 1992. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 500 19. desember 1990.

Iðnaðarráðuneytið, 6. desember 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

*Kristmundur Halldórsson.***AUGLÝSING****um váttryggingarfjárhæðir samkvæmt reglugerð um löggildingu og tryggingaskyldu fasteigna- og skipasala nr. 520/1987.**

Váttryggingarfjárhæðir samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 520/1987 skulu vera sem hér segir tímabilið 1. desember 1991 til 30. nóvember 1992:

1. Ábyrgðartrygging vegna hvers einstaks tjónsatviks verður kr. 4 239 130,00 en þó aldrei hærri en kr. 12 717 390,00 innan hvers váttryggingarárs.
2. Sjálfskuldarábyrgðartrygging verður kr. 5 086 957,00.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. desember 1991.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

*Jón Thors.***AUGLÝSING****um álagningarstofn fasteignaskatts.**

Í samræmi við II., sbr. I. kafla laga nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga, hefur Fasteignamat ríkisins samið skrár um álagningarstofn fasteignaskatts. Í skráum þessum er álagningarstofn fasteignaskattsins ákveðinn svo sem lög þessi mæla fyrir um og er hann tilgreindur fyrir hverja einstaka fasteign á landinu.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest heildareintak skrár um álagningarstofn fasteignaskatts eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Skrár þessar munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. janúar n.k. Jafnframt verður eigendum fasteigna send tilkynning um álagningarstofn fasteignaskatts með tilkynningu um nýtt fasteignamat, sbr. auglýsingu nr. 539/1991 um nýtt fasteignamat.

Með vísan til laga nr. 91/1989 tilkynnir ráðuneytið hér með að álagningarstofn fasteignaskatts, sem ákveðinn hefur verið með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skráum Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. janúar 1992.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 482 5. desember 1990.

Fjármálaráðuneytið, 6. desember 1991.

Friðrik Sophusson.

Björn Hafsteinsson.